

Allir mínir landar, héðan og handau.
 Því eg á svo blíðan munn, brosi eg með hönum,
 Gala með hönum.—
 Hefirðu ei séð munninn minn, hvað hann er mjúkur,
 Eins og silkidúkur?
 Hann er mitt mesta þing. Mig hefir hann skapað,
 Komið mér á framfæri, sem aðrir geta ei apað.
 Hann kann að mala, og hann kann að tala.
 Hann kann að gala og hann kann að hjala.
 Oft hefir hann sungið, þá aðrir hafa sprungið.
 „Fagrir gala gaukar, grænir spretta laukar“.
 „Brauð þú varst og brauð þú ert“. Börnin eiga að þegja!
 Sussum og sveija!
 Hver vill reyna við mig, fyrir hallardyrum,
 Fyrir skóladyrum, fyrir skáladyrum.
 Ágúst stendur úti, ei þarf hann að reyna.
 Ekki vil eg heldur fangbrögð við neina.
 Eg vil glima aftan við, það er eftir nýja síð
 Fegursta listin, fyrir mann kristinn.
 Höfði ofar hlýrum, heiðri með skfrum.
 Nálaraugad geri gleitt, svo geti eg um það smogið.
 Enda mjór og gljáður, eins og silkipráður.
 Ef að þreytt er trúartal, tala eg öðrum betur.
 Veit eg hversu vinda skal, og velta snældu minni.
 Svo að guma gruni ei neitt, get eg þeir ei finni
 Hvað meina eg með minni, tölunni minni.
 Eg get galað þrisvar, „áður en haninn gelur tvisvar“.
 Seinn er hann að gala,— sem sumir að skilja,
 —En bezt er að dylja, það ætti að dylja.

Tóki.

HEIMIR kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbyggingunni austan við Únitarakyrkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man. —

Ritstjóri sira Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gisli Jónsson, Winnipeg Man.